# BURÐARVIRKIÐ

## 1.BENDISTÁLIÐ

STEYPUSTYRKTARSTÁL ,SEM NOTAÐ ER HÉR Á LANDI Í BENTA STEINSTEYPU ER AÐALLEGA :

SLÉTT STÁL MERKT R8 , R10 , R12 , O.S.FRV.
KAMBSTÁL MERKT K8 , K10 , K12 , K16 , O.S.FRV.
TENTORSTÁL MERKT T8 , T10 , T12 , T16 , O.S.FRV.

TÖLURNAR TÁKNA ÞVERMÁL JÁRNA Í MILLIMETRUM.
STÁLTEGUNDIN ER ÁVALLT TILGREIND Á HVERRI TEIKNINGU.
ÞEGAR UM KAMBSTÁL EÐA TENTORSTÁL ER AÐ RÆÐA ERU STÁLGÆÐIN EINNIG GEFIN UPP.

TÁKNAR ENDA Á ÓKRÓKBEYGÐU STÁLI
TÁKNAR ENDA Á KRÓKBEYGÐU STÁLI
Á PLÖTU OG VEGGJATEIKNINGUM TÁKNAR :
JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU EÐA YTRI BRÚN VEGGJAR
JÁRN Í NEÐRI BRÚN PLÖTU EÐA INNRI BRÚN VEGGJAR
K10 k25 AÐ K10 JÁRN LEGGIST MEÐ 25CM MILLIBILI YFIR ÞAÐ SVÆÐI SEM PÍLUSTRIKIÐ SPANNAR
AÐ ANNAÐHVERT JÁRN BEYGIST HÉR UPP Í EFRI BRÚN PLÖTU
AÐ JÁRN Í SÖMU ÁTT OG PÍLAN LIGGJA NÆST BRÚN PLÖTU

SKEYTILENGD JÁRNA Í PLÖTUM OG VEGGJUM SÉ EKKI MINNI EN 40 x ÞVERMÁL JÁRNS NEMA ANNAÐ SÉ SÝNT Á TEIKNINGUM
MEST MÁ SKEYTA ÞRIÐJA HVERT JÁRN Í SAMA SNIÐI

Í SÚLUM OG BITUM ER SKEYTILENGD JÁRNA REIKNUÐ OG SÝND Á TEIKNINGUM

BEYGJUSKÍFA FYRIR LYKKJUR SKAL VERA MINNST 5 x ÞVERMÁL JÁRNS EF NOTAÐ ER KAMBSTÁL OG TENTORSTÁL

EF NOTAÐ ER SLÉTT STÁL Í LYKKJUR MÁ ÞVERMÁL BEYGJUSKÍFU VERA 3 x ÞVERMÁL JÁRNS.




FESTILENGD OG GERÐ SAMSKEYTA Í LYKKJUM SKAL VERA EINS OG SÝNT ER HÉR AÐ NEÐAN.




BEYGJUSKÍFA FYRIR UPPBEYGJU Á LANGJÁRNUM Í SÚLUM , BITUM OG PLÖTUM SVO OG FYRIR GERÐ KRÓKA OG HAKA Á LANGJÁRNUM SKAL VERA EINS OG SÝNT ER HÉR AÐ NEÐAN.




OFANGREINDAR REGLUR UM STÆRÐIR Á BEYGJUSKÍFUM GILDA NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM Á TEIKNINGUM. ATHUGASEMDIR OG FYRIRMÆLI Á TEIKNINGUM HAFA ÁVALLT FORGANG.

JÁRNAVINNA SKAL VEL OG FAGMANNLEGA AF HENDI LEYST OG ÞESS GÆTT AÐ JÁRNATEIKNINGUM SÉ NÁKVÆMLEGA FYLGT. BENDISTÁLIÐ SKAL VERA HREINT OG ÁN VÖLSUNARHÚÐAR. ÞAÐ SKAL Á VINNUSTAÐ GEYMT Á TRÉLISTUM OG VERA VANDLEGA SUNDURGREINT.

## 2.STEINSTEYPAN

STYRKLEIKAFLOKKAR STEINSTEYPU ERU SAMKVÆMT IST 10 S8 , S12 , S16 , S20 , S25 , S30 , S35 , S45 .
EKKI MÁ NOTA LAKARI STEYPU EN S16 Í BURÐARVIRKI SEM BENT ER MEÐ KAMBSTÁLI , TENTORSTÁLI EÐA STÁLNETUM. EKKI SKAL NOTA LAKARI STEYPU EN S20 EF BURÐARVIRKIÐ Á AÐ ÞOLA EINHVERJA VEÐRUN.
STEYPA Í UNDIRSTÖÐUR SÉ S200
ÖNNUR STEYPA SÉ S250.

EF EKKI ER HÆGT AÐ FÁ STEINSTEYPU FLOKKAÐA SKV. IST 10 HJÁ ÁBYRGUM AÐILA (VIÐURKENNDRI STEYPUSTÖÐ ) MUN VERKFRÆÐINGUR,Þ.E. HÖNNUÐUR BURÐARVIRKJA FYRIRSKIPA BLÖNDUN STEYPUNNAR Í SAMRÁÐI VIÐ VERKKAUPA.

EKKI SKAL NOTA ÍBLÖNDUNAREFNI Í STEYPUNA ÁN SAMRÁÐS VIÐ VERKFRÆÐING BURÐARVIRKJA.
STEYPAN SKAL LÖGÐ NIÐUR Í MÓT MEÐ ÞYKKLEIKA ÞF SKV IST 10. (SIGMÁL 5 - 10 CM )

HEILDARLOFTINNIHALD STEYPUNNAR MÁ MEST VERA 4.5% ÁN SAMRÁÐS VIÐ VERKFRÆÐING BURÐARVIRKJA.

STEYPULAG Á JÁRNUM , STEYPUHULAN SKAL VERA EINS OG SÝNT ER Í EFTIRFARANDI TÖFLU :

| VEÐRUN OG ROF STEINSTEYPU | STYRKLEIKAFLOKKUR SKV IST 10. | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | S12,S16,S20 | | S25,S30,S35 | | S40,S45,S50 | |
| | VENJUL. | PLÖTUR | VENJUL. | PLÖTUR | VENJUL. | PLÖTUR |
| LÍTIÐ,(INNANHÚSS) | 20 | 15 | 15 | 15 | 15 | 15 |
| Í MEÐALLAGI | 30 | 25 | 25 | 20 | 20 | 15 |
| MIKIÐ | 40 | 35 | 35 | 30 | 30 | 25 |

STEYPUHULAN Í MILLIMETRUM

STEYPUHULAN SKAL VERA EINS OG OFANGREIND TAFLA SÝNIR NEMA ANNAÐ SÉ TILGREINT Á TEIKNINGUM,T.D. MEÐ LYKKJUSTÆRÐUM

## 3.ÁLAGIÐ

NOTÁLAG :

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÞAK | : | 1,0 kN/m² | SNJÓR |
| ÞAKPLÖTUR | : | 2,0 kN/m² | |
| AÐRAR PLÖTUR | : | 3,0 kN/m² | |
| STIGAR | : | 3,0 kN/m² | |

AUKAÁLAG:

LÉTTIR INNVEGGIR : 1,0 kN/m²

VINDÁLAG:

v= 49,0 m/s SEM GEFUR $q_{grunn}$ : 1,5 kN/m²

GRUNDUN : malarfylling $P_{max}$ : 0,5 kN/m²

JARÐSKJÁLFTAÁLAG SVÆÐI : 3 SAMKVÆMT ÍST 13

HAFNARFJARÐARBÆR BYGGINGAFULLTRÚI 16. júní 1987

VINNUSTOFAN KLÖPP HF.
ARKITEKTAR – VERKFRÆÐINGAR
Laugavegi 26 – Pósthólf 766
121 Reykjavík – Sími 27777

| DAGS. | HVERJU BREYTT | YFIRFARIÐ | |
|---|---|---|---|

| | |
|---|---|
| VERKHEITI: DELTA HF REYKJAVÍKURVEGUR 78 HAFNARFJÖRÐUR | |
| HEITI TEIKNINGAR: BURÐARVIRKI - SKÝRINGAR | VERK NR 81-502 |
| | TEIKNING NR 16.00 |
| HANNAÐ: HÍ · TEIKNAÐ: HÍ · YFIRFARIÐ: · DAGS: 10-04-86 | KVARÐI: ENGIN |